

49. fundur. Sveitarstjórn Langanesbyggðar kom saman til aukafundar fimmtudaginn 24. september n.k. kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Heiðrún Óladóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Þórir Jónsson var í síma.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

Dagskrá :

1. Lánasamningur nr. 45/2009 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 30.000.000,- kr. til 15 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við gatnagerð á Þórshöfn, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnólfi Lárussyni sveitarstjóra, kt. 150961-5569 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Langanesbyggðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: GL.

2. Lán vegna uppgreiðslu .

Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að taka lán að upphæð kr. 20.000.000.- hjá

Sparisjóði Þórshafnar til eins mánaðar vegna sölunnar á Pálmholti 1 og 3.

Uppgreiðslan er áhvílandi lán sem verður að greiða upp vegna sölunnar og kemur

stór hluti þess til baka þegar búið er að aflétta skuldum. Frá Viðbótarlánasjóði kemur ca. 12.400.000.- og frá kaupendum 7.000.000.

Kostnaður vegna lánsins er ca. 210.000 kr.

Samþykkt samhljóða að veita sveitarstjóra heimild til að taka þetta lán.

Til máls tóku: GL.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17: 40.

Fundargerðin er ein blaðsíða.